



Fífilbrekka

Hjáleiga frá 20. öld

Skýrsla um prufuholugróft sumarið 2000



Bjarni F. Einarsson
2000


Forsíðumyndin sýnir brunninn í forgrunni og hluta bæjarhúsarústanna í bakgrunni.
Horft til N. Ljósm. B.F.E.

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina

© Bjarni F. Einarsson

Nóvember 2000.



Mynd 1. Staðsetning Fífilbrekku í Rangárvallasýslu.

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar tók undirritaður að sér að grafa prufuholur í og við bæjarhúsarústir eyðibýlisins Fífilbrekku í Rangárvallasýslu, skammt austur af Þjórsárbrúnni.

Aðstoðarmaður við rannsóknirnar var Daniel Lindblad, fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni. Gröfturinn fór fram dagana 19. – 22. júní 2000.

Fífilbrekka er u. þ. b. 25 m norðan við þjóðveginn, sunnan undir lágum ási syðst á Lónsheiðinni og u. þ. b. 500 m austur af bænum Þjórsártúni. Afleggjarinn frá þjóðvegi 1 að Kálfholti liggur sunnan við eyðibýlið.

Forveri núverandi vegar hefur legið yfir hluta af túni býlisins og skemmt hluta bæjarstæðisins, svo sem túngarð. Hugsanlega hafa skepnuhús einnig farið forgörðum við lagningu gamla vegarins.

Að loknum rannsóknum var flogið yfir eyðibýlið og það myndað (litskyggjur). Tilgangurinn með fluginu var að fá yfirlitsmynd af býlinu til að leggja til grundvallar yfirlitsteikningu af rústunum við Fífilbrekku (sbr. mynd 3).



Mynd 2. Yfirlit yfir vinnustaðinn fyrir rannsókn. Horft til V. Ljósm. BFE.

Markmið rannsóknarinnar


Vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á staðnum mun Fífilbrekka eyðast því sem næst alveg. Sjálf Fífilbrekka nýtur ekki verndunar þjóðminjalaga vegna þess að hún er ekki 100 ára eða eldri, en rústirnar gætu hafa legið ofan á eldri minjum. Markmið rannsókna var því að ganga úr skugga um hvort eldri minjar leyndust undir rústum eyðibýlisins eða ekki.

Sögubrot

Fífilbrekka var hjáleiga úr landi Kálfhólts og hún byggð 1912 af þeim Jónasi Jónssyni (f. 1844) og bústýru hans Sigríði Gunnarsdóttur (f. 1854). Jónas er fæddur á Mykjunesi í Marteinstungusókn í Rangárvallasýslu en Sigríður í Norðurholti í Ássókn í sömu sýslu.¹ (Manntal á Íslandi 1910. 1997:272).

Þau hafa því verið nokkuð við aldur þegar þau reistu sér bæ þennan, enda brugðu þau búi aðeins níu árum síðar, eða 1921 og fór þá Fífilbrekka í eyði og hefur ekki verið byggt upp síðan. Um þau Jónas og Sigríði segir í Sunnlenskum byggðum: „Þarna ræktuðu þau


¹ Í Sunnlenskum byggðum er Sigríður sögð fædd í Norður-Áskoti. Það býli mun hafa haft nokkur nöfn!



Mynd 3. Yfirlitsteikning yfir bæjarstæði Fífilbrekku. Nánari skýringar á einstökum rústum koma síðar.

kálgarð og lítinn túnblett. Einnig heyjuðu þau ofurlítið í mýrarsundi vestan vegarins. Á þessum heyfeng fóðruðu þau nokkrar kindur og tvö hross.“ (Sunnlenskar byggðir 1987:356).

Þau Jónas og Sigríður voru skráð árið 1910 til heimilis á Þjótanda, í Árnessýslu, skammt vestan megin við Þjórsá (Manntal á Íslandi 1910. 1997:272). Voru þau þá sem endranær ógift. Eftir að þau brugðu búi fluttu þau bæði að Syðri-Hömrum (austurbæ) í sömu sveit. Andaðist Jónas þar sama ár, en Sigríður var þar áfram í húsmennsku þar til hún andaðist 1928. Þau voru barnlaus.




Mynd 4. Hluti af bæjarstæðinu með staðsetningu prufuhola. Á bak við húsin er aðhald sem gæti verið náthagi/rétt. Sjá skýringar á einstökum rústum bæjarins síðar. Grái flöturinn uppi t.v. er klöpp. Eftir loftm. BFE.

Hjáleigan er merkilega mikil um sig, sérstaklega ef haft er í huga að Jónas var nær fótalaus maður þegar hann byggði upp bæinn. Gekk hann um á tveimur hækjum og sú saga sögð um hann að þegar hann fór til engjasláttar hafi hann skilið eftir sig hækjurnar þegar hann kom að kargapýfinu í mýrinni fyrir neðan bæinn og skriðið að þeim stað sem hann hugðist slá. Síðan hafi hann skriðið til baka.

Trúlega bjó fólk ekki við allsnægtir á bænum. til marks um það er sú saga sögð um þau hjón að eitt sinn er gest bar að garði og hann hafði verið trakteraður með mat hafi Jónas bóndi spurt: „Hvernig þótti þér maturinn?“ Svaraði gestur þá að honum hafi þótt maturinn góður. Þá segir Jónas: „Þetta var síðasti bitinn af honum Alfons.“ Vissi gesturinn þá sem var að það hafði verið hundur bónda sem hann át.²

Engar heimildir eru um að við Fífilbrekku hafi áður staðið býli né nokkur önnur mannvirki svo sem sel eða beitarhús.

² Þessa sögu sagði mér bóndinn í Þjórsártúni, Karl Ölvisson.



Mynd 5. Snið eftir X 1 ásnum og staðsetning prufuhola 1 – 3 við hann. Rómverskar tölur sýna einstök hús í bæjarhúsaröðinni. Teikn. BFE/DL.


Fífilbrekka er vitnisburður um draum alþýðufólks um eigið heimili og löngun til að standa á eigin fótum í upphafi nýrrar aldar.

Rannsóknin

Aðferð

Ákveðið var að setja út línu (X 1 ás) eftir endilöngum bæjarhúsarústunum. Var upphafspunktur línunar skírður X 1 Y 0, en hann var fast upp við rústirnar að austanverðu (sjá mynd 4 og 5). Þessi punktur var hæðarmældur út frá hæðarpunkti á klöpp ofan við býlið hjá stekknunum. Var upphafspunkturinn 2,48 m undir þeim hæðarpunkti sem heitir VR 270S. Við X 1 ásinn voru prufuholurnar settar, neðan við eða ofan (X 0 eða X 1). Staðsetningin er ætíð miðuð við SV horn prufuholanna. Reynt var að setja prufuholurnar í gólf einstakra hólfa eða herbergja til að sleppa við að grafa í vegg, sem hefði lengt rannsóknirnar að óþörfu. Til að athuga veggjagerðina var jarðfræðingaspjóti stungið niður víðsvegar í vegg bæjarins. Aldrei var komið niður í grjót. Hugsanlega geta þó veggjaundirstöðurnar (sökullinn) verið úr grjóti. Prufuholan í kálgarðinum var sett inn í þetta kerfi. Ævinlega var grafið niður á dautt.

Teknar voru litskyggnur og stafrænar myndir. Norður snið allra prufuholanna var teiknað, en snið í gegn um túngarðinn var ekki teiknað. Lýsingu jarðlaga er að finna í töflu 1 á bls. 11.



Mynd 6. Snið í prh. 1.

Prufuhola 1

Stærð holunnar var 1 x 1 m/0,66m³. Staðsetning hennar á X ásnum var X 1 Y 3, inni í húsi I, sem var austasta húsið í bæjarhúsaröðinni. Mesta dýpt holunnar var 0,7 m (þó var grafið til öryggis niður á 0,93 m í SV horni holunnar). Um 0,2 m undir yfirborði kom í ljós

mannvistarlag sem var blanda af torfflyksum og hreifðri mold/áfoki. Engin viðarkol, bein né gripir fundust í holunni.

Neðst í mannvistarlaginu, á 0,46 m dýpi í SV horni, var örþunnt gólf, sem náði yfir alla holuna. Var það ljóst á litin og troðið. Ofan á því voru slitur úr svörtu gjóskulagi. Húsið er túlkað sem skemma.


Prufuhola 2

Stærð holunnar var 1 x 1 m/0,55m³. Staðsetning hennar á X ásnum var X 0 Y 7, inni í húsi II. Mesta dýpt holunnar var 0,54 m (öryggishola grafin niður á 0,86 m dýpi í SV horni). Mannvistarlög komu í ljós beint undir grasrótinni á ca. 0,25 m dýpi og á 0,30 m dýpi fundust brot úr diskum úr hvítleir við N sniðið. Á 0,40 m dýpi komu önnur brot úr diskum í ljós við NA horn holunnar. Gólfið var á 0,45 m dýpi í SV horni. Í gólfinu, sem náði yfir alla prufuholuna, fannst járnplata (fannst í SA horni holunnar).


Talsvert af hellum láu ofan á gólfinu í austurhluta holunnar og og ein stór hella var í V sniði hennar. Eru þessar hellur taldar vera þakhellur.

Gólfið var fullt af viðarkolum, móösku, brenndum beinum og lífrænum leifum. Þykkt þess var 1 – 4 sm, en þykkt mannvistarlagsins nokkuð meiri eða 14 sm. Í því (gólfinu og mannvistarlaginu) fundust járnaglar, járnplata, koparplata, tappi úr kopar, gler (rúðugler og brot úr Pepsi flösku) og hvítleirsbrot. Pepsi brotin fundust ofarlega í mannvistarlaginu og hafa trúlega komið til löngu eftir að bærinn fór í eyði. Einhver hefur heimsótt eyðibýlið og staldrað þar við, eða hent flösku á leið sinni hjá! Rúðuglerið var verksmiðjugler.

Húsið er túlkað sem eldhús eða baðstofa. Svo mikið var af viðarkolum og brenndum beinum í gólfi hússins að þar hlýtur að hafa verið eldað. Járnplatan, sem fannst í gólfinu, er sennilega úr eldavél.



Mynd 7. Snið í prh. 2.



Mynd 8. Planteikn. af prh. 2.
Teikn. BFE.


Prufuhola 3

Stærð holunnar var 1 x 1 m/0,68m³. Staðsetning hennar á X ásnum var X 0 Y 15, inni í húsi IV. Mesta dýpt hennar var 0,86 m.


Á 0,24 m dýpi var komið niður á hellur í norður sniði og einnig var komið niður á hellu á 0,28 m dýpi í suður sniði. Gólfíð var á 0,31 m dýpi og það var 1 – 2 sm þykkt. Í því voru viðarkol, brennd bein og viðarleifar. Mun minna var af þessu en í prufuholu 2.

Gólfíð náði ekki yfir alla holuna, heldur aðeins vestur helming hennar. Í SV horni var bekkur eða bálkur úr torfi og í NV hlutanum sást hvorki gólf né nokkuð annað en áfok. Húsið var grafið niður í gegn um u. þ. b. 3 – 4 sm þykkt svart gjóskulag (1477?) á þeim kafla sem gólfíð var.

Í gólfinu fundust járnnaclar, járn, hvítleirsbrot og leggur úr beini. Á suður vegg hússins lá brotinn járnhringur úr eldavél. Húsið er túlkað sem búr eða baðstofa.



Mynd 9. Snið í prh. 3.




Mynd 10. Plan af prh. 3. Teikn. BFE.

Prufuhola 4.


Stærð holunnar var 1 x 1 m/0,60m³. Staðsetning hennar á X ásnum var X 1 Y 30, skammt vestur af bæjarhúsarústunum. Mesta dýpt holunnar var 0,98 m í NA horni. Engin mannvistarlög sást. Á 0,2 m dýpi kom svart gjóskulag (1477?) í ljós og var það rofið. Hugsanlega stafar rofið af túnrækt Fífilbrekkubænda. Á 0,86 m dýpi kom gjóskulag í ljós (lag nr. 9) sem túlkað er sem landnámslagið frá 871-72.

Prufuhola 5

Stærð holunnar var 1 x 1 m/0,46m³. Staðsetning hennar á X ásnum var X -14 Y 7, inni í kálgarðinum. Mesta dýpt holunnar var 0,47 m. Undir grasrótinni kom í ljós mannvistarlag sem í voru brennd bein, viðarkol og aska, auk leirkerabrots úr rauðleir. Undir mannvistarlaginu var dautt áfok. Í sniðinu grillir í hrygg eins og í kartöflugarði! Mannvistarlagið er túlkað sem áburður úr eldhúsi bæjarins. Nákvæmlega eins aðferð var höfð í frammi á Gamla Seli, NA af Skarðsfjalli í Landssveit (Bjarni F. Einarsson 1999:12 - 15).



Mynd 11. Snið í prh. 4.



Mynd 12. Snið í prh. 5.

Lýsing jarðlaga:

Nr.	Dýpi	Lýsing
1	Sjá snið prh. 1-5	Grasrót
2	Sjá snið prh. 1-3	Mannvistarlag
3	Sjá snið prh. 1-5	Áfok, ljósbrúnt
4	Sjá snið prh. 1 og 3	Gjóska, dökkbrún - fjólublá
5	Sjá snið prh. 3	Áfok, brúnt
6	Sjá snið prh. 3-4	Gjóska, svört
7	Sjá snið prh. 3	Áfok, brúnt
8	Sjá snið prh. 4	Gjóska, svört
9	Sjá snið prh. 4	Gjóska, tvílit. Efri hluti ljósgrænn, neðri hvítur og þynnri. Landnámslagið?

Tafla 1. Lýsing jarðlaga og innihald þeirra.



Mynd 13. Staðsetning sniðsins í túngarðinn. Sjá má lögun hans og efnistökusvæðið hægra megin. Ljós. BFE.

Snið í gegn um túngarðinn


Sniðið var tekið við SA horn kálgarðsins, en þar var garðurinn illa farinn. Grafinn var skurður, 0,5 x 3 m langur, í gegn um garðinn. Kom í ljós að garðurinn var aðeins úr mold og torfi og hafði efnið verið tekið austan megin við garðinn, enda mátti sjá þar rás í brekkuna sem minnti einna helst á götu (sjá ljósmynd).

Bæjarhúsaröðin

Bæjarhúsaröðin á Fífilbrekku sver sig í ætt við hina sunnlensku gerð, en svo kallast gerðin þegar húsin standa í röð eftir bæjarstéttinni eða tröðinni (Guðmundur Hannesson 1943:147-149 og Hörður Ágústsson 1998:40). Öll hús nema öndin/bæjargöngin hafa haft bjórþil ofan á torfvegg (torfskans). Bæjardyrnar einar hafa verið með burst. Brunnurinn hefur trúlega verið umgirtur brunnhúsi, en sjá má óljós ummerki þess á forsíðumyndinni.

Húsið stendur í dálitlum halla og skv. prh. 3 var baðstofan/stofan grafin niður í bakkann. Líklega á þetta við öll húsin, sérstaklega nyrðri hluta húsanna og bakhúsin. Þannig var hallinn tekin af.

Allir veggir eru úr torfi einu saman, þó ekki sé útilokað að grjót sé í undirstöðum þeirra. Þeirra varð þó ekki vart þegar stungið var niður jarðfræðingaspjóti, ekki einu sinni við kampana (veggendana við inngangana).



Mynd 14. Bæjarhúsaröðin á Fífilbrekku. Austast sáust greinilega ummerki kartöflugarðs. Bakhúsin gætu verið búr og eldhús. Teikn. BFE.

Niðurstaða

Niðurstaða rannsóknarinnar er að minjarnar á Fífilbrekku eru ekki eldri en frá 1912 og því ekki fornleifar skv. þjóðminjalögum. Allir gripir sem fundust voru settir aftur ofan í viðkomandi prufuholur. Þær njóta því ekki verndunar laganna. Hvergi vottaði fyrir því að um fleiri en eina kynslóð mannvirkja væri að ræða þó svo að þau gætu vel verið byggð í áföngum eftir árið 1912. Gjóskulög komu ekki að notum við aldursgreiningar og gripir gefa ekki tilefni til að halda að minjarnar séu eldri en heimildir segja til um.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *Gamla Sel. Prufuholugröftur að Gamla Seli í Landssveit*. Fornleifafræðistofan 1999.
- Sami. *Fornleifaskráning vegna umhverfismats á Hringvegi (01) um Þjórsá í Árnes- og Rangárvallasýslu*. Fornleifafræðistofan 1999.
- Sami. „Vegna vegagerðar við eyðibýlið Fífilbrekku.“ Bréf dags. 20. des. 1999. Fornleifafræðistofan.
- Guðmundur Hannesson. „Húsagerð á Íslandi.“ *Iðnsaga Íslands*. Fyrri bindi. Ritst. Guðmundur Finnbogason. Reykjavík 1943.
- Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 – 1940*. Húsafriðunarnefnd ríkisins. Reykjavík 1998.
- Manntal á Íslandi 1910*. III. Árnessýsla. Ættfræðifélagið. Reykjavík 1997.
- Sunnlenskar byggðir. V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár*. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík 1987.
- Þjóðminjar á Íslandi*. Lög, reglugerð, skipurit, stefnumörkun. Þjóðminjasafn Íslands 1998.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Fífilbrekka í Ásahreppi, Rangárvallasýslu.

Verkkaupandi:

Vegagerðin, Reykjavík.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

7. júní 2000.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Daniel Lindblad, fornleifafræðingur, aðstoðarmaður

Forvarsla:

Engin.

Rannsóknartími:

Frá 19/6 – 22/6 2000.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið. Fix-punktur var 2,48 m undir hæðarpunkti merktum VR 270S. Fix-punkturinn var við X1 Y0.

Grafinn flötur:

5 fermetrar og ca. 2,95 rúmmetrar, auk sniðsins í gegn um túngarðinn.

Geymsla gagna:

Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Þjóðminjasafni Íslands til geymslu.

Skrár:

Litskyggnuskrá.

Stafrænar myndir.

Fundaskrá.

Fornleifaskrá.